

Viðhorf til fjarvinnu, vörumerkja, náttúruperla og sögustaða á Vesturlandi

Bjarki Þór Grönfeldt, PhD

September 2023



Efnisyfirlit

Um skýrsluna	3
Fjarvinna á Vesturlandi.....	4
Vörumerki á Vesturlandi.....	5
Náttúruperlur á Vesturlandi	6
Menningarminjar og sögustaðir á Vesturlandi	7

Um skýrsluna

Í þessari stuttu skýrslu eru tekin saman gögn um viðhorf Íslendinga til fjarvinnu, vörumerkja, náttúruperla og sögustaða á Vesturlandi. Þessum gögnum var safnað til hliðar við Ímyndarkönnun Vesturlands 2023, þar sem ímynd Vesturlands í hugum íbúa annarra landshluta var könnuð. Var þátttakendum jafnframt boðið að taka þátt í annarri könnun og er skýrsla þessi afrakstur hennar.

Könnunin fór fram á netinu og stóð gagnaöflun yfir frá lokum október 2022 fram í janúar 2023. Þátttakendum var ekki umbunað beinlínis en í boði var að skrá sig í gjafaleik. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi settu slóð á könnunina á miðla sína auk þess sem önnur landshlutasamtök voru beðin að dreifa könnuninni á sínum síðum. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri sendi könnun á sinn póstlista. Alls tóku 405 þátt í þessari könnun, þar af 261 kona, 143 karlar og ein kynsegin manneskja, og var meðalaldur þátttakenda 51,4 ár (staðalfrávik 13,2 ár). Skiptingu þátttakenda eftir landshlutum má sjá í töflu 1.

Tafla 1		
Skipting þátttakenda eftir landshlutum		
	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	131	32,3%
Vestfirðir	28	6,9%
Norðurland vestra	24	5,9%
Norðurland eystra	124	30,6%
Austurland	52	12,8%
Suðurland	29	7,2%
Suðurnes	13	3,2%
Ég bý erlendis	4	1,0%
Samtals	405	100%

Þessari skýrslu er fyrst og fremst ætlað að veita yfirlit yfir stöðu þessara þátta (fjarvinnu, vörumerkja, náttúruperla og sögustaða). Sveitarfélög, ferðaþjónusta og aðrir sem hafa með atvinnuþróun á Vesturlandi að gera geta því notað upplýsingarnar til að greina tækifæri og áskoranir á sínum svæðum.


Bjarki Þór Grönfeldt hjá Rannsóknarsetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst vann skýrsluna í samstarfi við Vífil Karlsson (Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Háskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri).

Fjarvinna á Vesturlandi

Í tölfu 2 eru greind viðhorf til fjarvinnu á Vesturlandi eftir svæðum. Þátttakendur voru spurðir: „Ef þú gætir unnið í fjarvinnu og réðir búsetu þinni, hversu líklegt er að þú myndir íhuga einn af eftirfarandi búsetuvalkostum? Veldu 0 ef það er útilokað og 10 ef það er mjög líklegt.“ Ef skoðuð er lýsandi tölfraði (meðaltöl) verður að segja að flestir valmöguleikarnir fá ágæta útkomu, hæsta skorið er 5,14 og það lægsta 3,15 af 10 mögulegum. Dreifbýli í Borgarfirði fékk bestu útkomuna, 5,14, og þá næstbestu þéttbýli í Borgarfirði, 5,04. Þessir tveir valkostir eru marktækt vinsælli en allir hinir valkostirnir, að undanskildu þéttbýli á Snæfellsnesi. Ekki var mikill munur á skori valmöguleika varðandi Akranes (þéttbýli = 4,41, dreifbýli = 4,00) og Snæfellsnes (þéttbýli 4,70, dreifbýli 4,31) fyrir utan það að þéttbýli á Snæfellsnesi er vinsælli valkostur en dreifbýli í nágrenni Akraness. Dalir reka lestina (þéttbýli = 3,15, dreifbýli = 3,45) en þó er ekki marktækur munur á viðhorfum til fjarvinnu í dreifbýli í nágrenni Akraness og dreifbýli í Dölunum. Meðaltölin eru sett fram myndrænt í mynd 1.

Tafla 2: Viðhorf til fjarvinnu á Vesturlandi			
Búseta	Meðaltal (af 0-10)	95% vikmörk	Staðalfrávik
Akranes – þéttbýli	4,41	4,11 – 4,71	3,09
Akranes – dreifbýli	4,00	3,72 – 4,28	2,86
Borgarfjörður – þéttbýli	5,04	4,76 – 5,32	2,83
Borgarfjörður – dreifbýli	5,14	4,85 – 5,43	2,98
Snæfellsnes – þéttbýli	4,70	4,43 – 4,97	2,77
Snæfellsnes – dreifbýli	4,31	4,02 – 4,61	3,02
Dalir – þéttbýli	3,15	2,88 – 3,41	2,71
Dalir – dreifbýli	3,45	3,15 – 3,76	3,11

Mynd 1: Meðaltöl viðhorfa til fjarvinnu á Vesturlandi.



Vörumerki á Vesturlandi

Í töflu 3 eru greind viðhorf til valinna vörumerkja á Vesturlandi. Horft er til hvort þátttakendur þekki til viðkomandi vörumerkis og þeir svo spurðir út í hvort ímynd þess sé jákvæð eða neikvæð að þeirra mati á skalanum 0 (mjög neikvæð) til 10 (mjög jákvæð). Í fyrsta dálki til hægri við heiti vörumerkjanna er hlutfall svarenda sem sögðust þekkja vörumerkið. Þekktasta vörumerkið var Háskólinn á Bifröst (94,7%) og þar á eftir fylgdu Landbúnaðarháskóli Íslands (92,0%) og Dalaostar/MS í Búðardal (89,7%). Jákvæðustu ímyndina hafði Landnámssetrið (8,11) og þar á eftir komu Frystiklefinn Rifi (8,05) og Landbúnaðarháskóli Íslands (8,04).

Tafla 3: Viðhorf til vörumerkja á Vesturlandi				
Vörumerki	% þekkja	Ímynd (0-10)	95% vikmörk	Staðalfrávik
3X Skaginn	37,2%	7,78	7,48 – 8,09	1,87
Bjargarsteinn	8,6%	7,91	7,23 – 8,59	1,94
Breiðin þróunarfélag	13,6%	7,50	6,90 – 8,10	2,20
Dalakot	17,7%	7,04	6,60 – 7,49	1,89
Dalaostar (MS í Búðardal)	89,7%	7,84	7,64 – 8,05	1,94
Eðalfiskur	77,2%	7,33	7,11 – 7,56	2,01
Eiríksstaðir	47,0%	7,91	7,65 – 8,16	1,76
Erpsstaðir	67,7%	7,93	7,70 – 8,16	1,93
Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi	74,4%	7,32	7,10 – 7,53	1,85
Frystiklefinn Rifi	38,3%	8,05	7,76 – 8,35	1,84
G.Run	20,5%	7,27	6,85 – 7,69	1,90
Geirabakarí	71,6%	7,85	7,63 – 8,06	1,84
Háskólinn á Bifröst	94,7%	7,66	7,46 – 7,86	1,94
Hótel Búðir	69,2%	7,75	7,53 – 7,98	1,89
Hvalur hf.	67,0%	4,17	3,74 – 4,61	3,60
Ípróttafélag Akraness (ÍA)	81,5%	7,20	6,97 – 7,43	2,12
Kaffi kyrrð	29,9%	7,98	7,60 – 8,37	2,11
Kaja organic	33,1%	7,85	7,45 – 8,26	2,33
Krauma	77,6%	7,57	7,33 – 7,81	2,14
Láki Tours	13,7%	7,02	6,41 – 7,63	2,23
Landbúnaðarháskóli Íslands	92,0%	8,04	7,86 – 8,22	1,75
Landnámssetrið	81,6%	8,11	7,92 – 8,30	1,72
Menntaskóli Borgarfjarðar	56,6%	7,63	7,38 – 7,87	1,85
Narfeyrarstofa	38,3%	7,90	7,60 – 8,20	1,88
Norðurál á Grundartanga	86,1%	4,72	4,37 – 5,06	3,23
Sæferðir	57,8%	6,99	6,68 – 7,30	2,37
Skessuhorn - héraðsmiðill	79,4%	7,66	7,45 – 7,88	1,95
Vínlandssetrið – Leifsbúð	27,0%	7,70	7,31 – 8,10	2,06

Náttúruperlur á Vesturlandi

Í töflu 4 eru greind kynni af og viðhorf til náttúruperla og kennileita á Vesturlandi. Fyrst voru þátttakendur beðnir um að merkja við náttúruperlur sem þeir höfðu komið til eða séð og síðan voru þeir spurðir: „Hversu mikið skemmtanagildi finnst þér vera í þessum náttúruperlum? Með því er átt við hversu gaman eða ánægjulegt þér finnst að heimsækja eða skoða eftirfarandi staði. Svараðu á skalanum 0 = mjög leiðinlegt til 10 = mjög skemmtilegt“. Sú náttúruperla sem flestir höfðu komið til eða séð var Akrafjall (85,5%), og þar á eftir komu Arnarstapi (84,8%) og Snæfellsjökull (83,6%). Eyjarnar á Breiðafirði höfðu hæsta skemmtanagildið (8,74) og á hæla þeirra komu Flatey (8,71) og Rauðfeldargjá (8,64).

Tafla 4: Viðhorf til náttúruperla á Vesturlandi				
Náttúruperlur	Hefur komið eða séð	Skemmtanagildi, meðaltal (0-10)	95% vikiörk	Staðalfrávik
Akrafjall	85,5%	6,19	5,90 – 6,48	2,66
Arnarstapi	84,8%	8,36	8,18 – 8,53	1,61
Brákarey	60,9%	7,00	6,71 – 7,28	2,20
Breiðin	22,4%	6,79	6,37 – 7,22	1,83
Deildartunguhver	74,4%	7,52	7,28 – 7,76	2,05
Eldborg	59,9%	7,42	7,16 – 7,69	2,01
Eyjarnar í Breiðafirði	65,5%	8,74	8,55 – 8,93	1,53
Flatey	63,3%	8,71	8,48 – 8,95	1,88
Gerðuberg	15,4%	7,06	6,38 – 7,73	2,46
Glymur	60,2%	8,37	8,15 – 8,59	1,69
Grábrök	80,9%	7,90	7,70 – 8,10	1,80
Hafnarfjall	81,5%	5,80	5,49 – 6,11	2,76
Haukadalsá	38,2%	6,74	6,37 – 7,10	2,20
Hellnar	71,8%	8,21	8,00 – 8,43	1,82
Hraunfossar	80,4%	8,59	8,42 – 8,76	1,52
Kirkjufell	70,3%	7,89	7,65 – 8,13	1,99
Klofningur	22,4%	7,43	6,94 – 7,92	2,22
Krosshólaborg	12,9%	7,69	7,06 – 8,32	2,02
Langisandur	71,0%	7,98	7,75 – 8,22	1,95
Laugar í Sælingsdal	68,1%	7,63	7,39 – 7,87	1,93
Lóndrangar	44,9%	8,13	7,87 – 8,39	1,68
Lýsulaugar	38,7%	7,81	7,52 – 8,10	1,80
Norðurá	66,1%	6,96	6,70 – 7,22	2,09
Paradísarlaut	46,4%	8,37	8,11 – 8,64	1,73
Rauðfeldargjá	21,6%	8,64	8,26 – 9,02	1,66
Síldarmannagötur	22,3%	7,79	7,34 – 8,24	2,04
Skarðsheiði	54,8%	6,55	6,24 – 6,86	2,26
Snæfellsjökull	83,6%	8,62	8,45 – 8,79	1,57
Súgandisey	16,1%	7,43	6,92 – 7,95	1,96
Svöðufoss	7,7%	7,35	6,50 – 8,19	2,10
Þyrill	47,0%	7,21	6,88 – 7,54	2,22

Menningarminjar og sögustaðir á Vesturlandi

Í töflu 5 eru greind viðhorf til menningarminja og sögustaða á Vesturlandi. Fyrst voru þátttakendur beðnir um að haka við þær menningarminjar eða sögustaði sem þeir hefðu farið á eða komið til. Svo voru þeir spurðir: „Hversu mikið skemmtanagildi finnst þér vera í þessum sögustöðum? Með því er átt við hversu gaman eða ánægjulegt þér finnst að heimsækja eða skoða eftirfarandi staði. Svaraðu á skalanum 0 = mjög leiðinlegt til 10 = mjög skemmtilegt“. Flestir höfðu komið í Snorrastofu/Reykholtskirkju (70,6%), þar á eftir Hvítárbrú (62,6%) og Bjössaróló (49,9%). Mesta skemmtanagildið hafði Guðlaug (8,65) og þar á eftir komu Hreppslaug og Krosslaug, sem deildu næsthæsta skemmtanagildinu (8,03). Þriðja sætið vermdi Guðrúnarlaug í Sælingsdal (7,89).

Tafla 5: Viðhorf til menningarminja á Vesturlandi				
Menningarminjar	Hefur komið eða séð	Skemmtanagildi, meðaltal (0-10)	95% vikiörk	Staðalfrávik
Akranesviti	41,0%	7,25	6,95 – 7,54	1,89
Bárður Snæfellsás	42,0%	7,38	7,09 – 7,68	1,91
Björnssteinn í Rifi	11,8%	6,95	6,33 – 7,57	1,96
Bjössaróló	49,9%	7,86	7,57 – 8,16	2,11
Byggðasafnið Görðum	24,0%	7,74	7,36 – 8,13	1,88
Guðlaug	27,8%	8,65	8,32 – 8,98	1,70
Guðrúnarlaug í Sælingsdal	33,1%	7,89	7,58 – 8,20	1,75
Hernámssetrið	24,4%	7,32	6,90 – 7,74	2,05
Hreppslaug	30,1%	8,03	7,68 – 8,37	1,85
Hvammur í Dölum	26,6%	7,21	6,86 – 7,56	1,79
Hvítárbrú	62,6%	7,25	7,01 – 7,50	1,96
Ingjaldshólskirkja	13,7%	6,91	6,32 – 7,50	2,17
Krosslaug	17,8%	8,03	7,53 – 8,53	2,07
Lóransmastið á Gufuskálum	35,5%	6,98	6,61 – 7,35	2,20
Norska húsið í Stykkishólmi	38,7%	7,74	7,47 – 8,01	1,66
Ólafsdalur í Dölum	26,6%	7,86	7,48 – 8,24	1,92
Pakkhúsið í Ólafsvík	21,4%	7,33	6,89 – 7,76	1,94
Skallagrímgarður	39,3%	7,66	7,35 – 7,98	1,97
Skarð á Skarðsströnd	22,7%	7,46	7,04 – 7,89	1,97
Snorrastofa/Reykholtskirkja	70,6%	7,72	7,49 – 7,96	1,97